

Kennari	María Albína Tryggvadóttir (maria@vma.is)	Sk.st.	MAL
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í lyfjaskrár, ATC-flokkunarkerfi lyfja, geymslu og fyrningu lyfja, lyfjaform og ýmsar skilgreiningar sem tengjast lyfjum. Farið er í helstu lyf sem notuð eru við hjarta- og æðasjúkdómum, geðsjúkdómum, öndunarfærasjúkdómum, húðsjúkdómum, sykursýki, verkjum og svefnvandamálum. Eins er minnst á sýklalyf, meltingarfæralyf og lyf við Alzheimer sjúkdómi. Fjallað er um lyf og lyfjaflokka, verkun lyfja, aukaverkanir, milliverkanir og helmingunartíma lyfja. Farið er almennt í lyfjaskrár og notkun á þeim.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu sérlyfjaskrár
- ATC-flokkunarkerfi lyfja
- ýmsum algengum skilgreiningum sem tengjast lyfjum
- hugtökum sem notuð eru varðandi frásög, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja
- helstu lyfjaformum, kostum þeirra og göllum
- áhrifum hjarta- og æðasjúkdómslyfja, geðlyfja, öndunarfæralyfja, húðlyfja, sykursýkislyfja, verkjalyfja og svefnlyfja
- helstu flokkum lyfja við Alzheimer sjúkdómi og áhrifum sýkla- og meltingarfæralyfja
- helstu auka- og milliverkunum ofangreindra lyfja
- blóðþéttnikúrfum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að upplýsingum um lyf á netinu
- flokka sérlyf eftir ATC-flokkunarkerfinu
- reikna út helmingunartíma lyfja
- aðstoða skjólstæðinga við notkun á ýmsum lyfjaformum, þar sem við á

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- miðla algengum upplýsingum um ofangreind lyf til skjólstæðinga þar sem við á
- átta sig á tengslum aukaverkana lyfja við verkun þeirra
- sýna skilning á verkun ofangreindra lyfja með tilliti til verkunarmáta þeirra

Námsgögn:

Bók: Lyfjafræði 103, hefti eftir Bryndísi Þóru Þórsdóttur. Reykjavík 2016 eða nýrri.

Annað: Etv. greinar sem tengjast efni áfangans.

Ýmsar vefsíður er tengjast efni áfangans

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 2

Lyfjafræði LYFJ2LS05 Námsáætlun haustönn, 2021



Verkefnitaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (lotunúmer)	Námsefni	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
Lota 1	Kafli 1-3	Leska kafla 1 -3 Verkefni fyrir hvern kafla	Kaflaverkefni 2,5% hver kafla Skapandi verkefni 10%
Lota 2	Kafli 4 og 5	Leska kafla 4-5 Verkefni fyrir hvern kafla	Kaflaverkefni 2,5% hver kafla Annarpróf 15%
Lota 3	Kafli 6-8	Leska kafla 6-8 Verkefni fyrir hvern kafla	Kaflaverkefni 2,5% hver kafla Útdráttur úr grein 5%
Lota 4	Kafli 9 og 10	Leska kafla 9-10	Kaflaverkefni 2,5% hver kafla

Námsmat og vægi námsmatspáttá:

Matsform:		<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspáttir	Lýsing námsmatspáttar			Vægi
Kaflapróf	Átta til tíu verkefni gerð úr öllum köflum bókarinnar (2,5% fyrir hvern kafla)			25%
Annarpróf	Annarpróf úr köflum 1-5			15%
Skapandi verkefni	Nemandi lýsir leið lyfs um líkamann			10%
Útdráttur	Verkefni unnið upp úr fræðigreini eða um innihaldsefni hreinlætis- eða snyrtivara			5%
Lokapróf	Skriflegt lokapróf í lok annar			45%
Samtals:				100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Ná þarf 4 á lokaprófi til þess að aðrir námsmatspáttir gildi til lokaekunnar.

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á námsáætlun

Dagsetning: 17.8'21

Maná A.ín.
Undirritun kennara

Inga B. Ólafsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils